

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Hraun (i5), Grindavík



Dags eftirlits	10.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Reitur I5, vestan Grindavíkur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Maryka Musson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Cees-Jan Bastiaansen, Særún Ósk Sigvaldadóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. 3) Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. Fjórar ábendingar voru settar fram: 1) Endurskoða þarf vöktunaráætlun rekstraraðila. 2) Áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli er ekki til staðar. 3) Koma þarf fyrir árekstravörnum við olúgeyma rekstraraðila. 4) Hindra þarf aðgang fugla að útrás stöðvarinnar og að þeir hafist við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Eitt frávík sem varðar hreinsun á frárennsli stöðvarinnar, var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku, Hrauni (i5).

Matorka, Hrauni er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 8. október 2020 og gildir til 8. október 2036. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum og má lífmassi á hverjum tíma ekki fara yfir 6.000 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Síðan síðasta eftirlit var hjá Matorku, Hrauni hafa jarðskjálftar og eldgos haft talsverð áhrif á rekstur stöðvarinnar. Þrjú eldisker skemmdust talsvert og drápust tæplega 80 tonn af eldisfiski. Ekki hefur verið gert við kerin og hafa þau verið tekin tímabundið úr notkun. Áætlanir eru uppi um að lagfæra þau og taka í notkun aftur. Nokkrar aðrar skemmdir urðu í stöðinni en þó engin mengunaróhöpp. Framleiðsla í stöðinni er nokkuð minni en áætlanir gerðu ráð fyrir en reksturinn er nokkuð eðlilegur að öðru leyti, t.d. er fiskur reglulega tekinn inn í stöðina og fiski er slátrað nánast daglega.

Í lok júní sl. voru í stöðinni um 450 tonn af eldisfiski.

Þegar eftirlitið fór fram var eitt frávík opið, en það varðar hreinsun á frárennsli. Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti með bréfi dags. 31. október 2022, var áætlað að hreinsun á frárennsli hæfist eigi síðar en 31. desember 2024. Ljóst er, skv. svörum rekstraraðila, að sú áætlun mun ekki ganga eftir og er því ekki tilefni til að loka frávíkinu. Óskað er eftir að rekstraraðili sendi eftirlitsaðila tímasetta áætlun um úrbætur varðandi breytt áform og tímasetningar.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Síðasta eftirlit fór fram í apríl 2023 þ.e. áður en gögnum fyrir árið 2022 var skilað. Grænu

bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað á tilskildum tíma en grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað 22. maí 2024 sem er frávik frá starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað 30. apríl 2023 en ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað og er það frávik frá starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 30. apríl 2023 en útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað og er það frávik frá starfsleyfi.

Engar athugasemdir eru gerðar við losun fosfórs. Samkvæmt starfsleyfi má losunin vera 10,0 kg/framleitt tonn, en árið 2022 var hún 8,6 kg/framleitt tonn og árið 2023 var losunin 9,9 kg/framleitt tonn.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumati frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Fullnægjandi tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda var ekki til staðar þegar eftirlitið fór fram en var sent eftirlitisaðila þann 19. júlí sl. Neyðaráætlun, áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar og viðbraðgsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda voru allar til staðar og uppfærðar. Auk þess barst áætlun um endurnýtingu úrgangs til eftirlitisaðila þann 30. maí 2023. Áætlun um endurnýtingu fastefnis er ekki til staðar og er rekstraraðila bent á að útbúa slíka áætlun samhliða vinnu við aukna hreinsun á frárennsli. Vöktunaráætlun rekstraraðila er til staðar. Áætlunin er síðan í september 2020 og því þarf að endurskoða hana. Við endurskoðunina skal taka tillit til ákvæða í stjórn vatnamála.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð

6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Vatn í stöðina kemur úr borholum sem eru á lóðinni en auk þess er vatn tekið úr gjá í nágrenni stöðvarinnar. Engin teljandi vandræði hafa verið við að afla vatns fyrir stöðina þrátt fyrir jarðhræringar og eldsumbrot undanfarin misseri. Engin hættuleg efni eru geymd á svæðinu fyrir utan olú í geymum við hús sem hýsir varaflstöð stöðvarinnar. Rekstraraðila er bent á að koma fyrir árekstravörnum við geymana. Gengið var að útrás stöðvarinnar. Mikið sást af fugli við útrásina, bæði máfum og hröfnum. Rekstraraðila er bent á að honum ber skv. gr. 3.8 í starfsleyfi, að hindra bæði að meindýr (þ.á m. fuglar) hafist við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum og aðgang villtra fugla sem sækja að útrás stöðvarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.


ÁBENDINGAR

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Endurskoða þarf vöktunaráætlun rekstraraðila og taka þar tillit til ákvæða í stjórn vatnamála. 2) Áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli er ekki til staðar. 3) Koma þarf fyrir árekstravörnum við olíugeyma rekstraraðila. 4) Hindra þarf annars vegar aðgang fugla að útrás stöðvarinnar og hins vegar að þeir hafist við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.08.2024


Freyr Ávarsson

